

fyrir fast verð. Samkvæmt lögnum verður hins vegar ekki annað séð en að verksmiðjurnar hafi óbundnar hendur um það, hvort eða hvernig báðum þessum aðferðum verði beitt, ef umráðamenn sildar af sama skipi verða fleiri en einn (t. d. vegna ráðningarkjara skipverja, eins og hér), og þessir aðilar æskja ekki sams konar viðskipta, enda virðist hér vera um að ræða hagkvæmisatriði í sambandi við reksturinn, sem stjórn verksmiðjanna hafi, nema öðru vísi sé um samið, vald til að ákveða eftir atvikum á hverjum tíma. Það verður því ekki talið, að stefndur hafi heimildarlaust sett stefnanda þá kosti, er að framan eru greindir, þannig að hinn ótvíræði sölusamningur aðiljanna frá 1. júlí 1939 eigi af þeim sökum að teljast ógildur, enda er það hvorttveggja, að ósannað er, eins og áður er sagt, að nokkrar þvingunarráðstafanir af hendi stefnds hafi komið þar til greina, svo og að stefnandi hafi gert nokkurn áskilnað eða hreyft athugasemdum eða kröfum út af þessum málum fyrr en í apríl 1940. Þykja kröfur stefnanda því ekki hafa við þau rök að styðjast, að þær geti orðið teknar til greina. Verður stefndur því sýknaður, en eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Sildarverksmiðja ríkisins f. h. verksmiðjanna, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingvars Vilhjálmssonar f. h. eigenda m/b Jón Þorláksson, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. nóvember 1941.

Nr. 26/1941. **Guðbjörn Ólafsson** (Pétur Magnússon)
gegn

Benedikt Kristjánssyni f. h. Fóðurbirgðafélags Saurbæjarhrepps. (Jón Ásbjörnsson).

Synjað um framkvæmd lögtaks til innheimtu félagsgjalda fóðurbirgðafélags, er ekki hafði verið stofnað með lög-mæltum hætti.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurð þann, sem áfrýjað er, hefur upp kveðið Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður í Dalasýslu.

Áfrýjandi hefur að fengnu leyfi til áfrýjunar máli þessu 12. febrúar 1941, enda þótt sakarefni nemi ekki áfrýjunar-

upphæð, skotið því til hæstaréttar með stefnu 3. marz s. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur fengið gjafvörn í málinu 7. þ. m. og sér skipaðan talsmann, sem hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Þann 11. apríl 1939 virðist stofnun fóðurbirgðafélags hafa verið samþykkt á hreppsfundi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Samþykkt félags þessa hlaut staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins þann 15 maí 1940, en eigi hafði hún þá verið fyrir sýslufund lögð. Var það fyrst gert 19. júní 1941. Þann 3. desember 1940 var lögtaks krafizt hjá áfrýjanda til innheimtu félagsgjalda, kr. 7.20, er talið var fallið í gjalddaga 1. s. m., með því að áfrýjandi hafði synjað greiðslu, enda taldi hann félagsstofnun ólöglega. Verður að fallast á þá skoðun þegar af þeirri ástæðu, að samþykktin hafði ekki sætt meðferð sýslufundar, áður en hún hlaut staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins, samkvæmt 54. gr. laga nr. 32/1931. Ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, kr. 180.00, greiðist úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málsvarnarlaun talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 180.00, greiðist úr rikissjóði.

Úrskurður fógetaréttar Dalasýslu 10. janúar 1941.

Þar sem gerðarbeiðandi hefur sýnt í réttinum samþykkt, sem nú gildir fyrir fóðurbirgðafélag Saurbæjarhrepps, sem hefur verið staðfest af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, verður að gera ráð fyrir, þar til annað er sannað, að þess hafi verið gætt, að löglegur

undirbúningur hafi verið undir samþykktina heima í sveitinni. Þótt sýslunefndarmenn hafi fyrst lýst yfir samþykki sínu á samþykktinni eftir að búið var að staðfesta hana, en þó á sama ári og til hennar var stofnað, virðist ekki full ástæða til að ógilda samþykktina af þeim ástæðum. Reyndar var þess ekki gætt að leggja samþykktina fyrir næsta sýslufund eftir samþykkt hennar heima í hreppnum, en sýslunefndin hafði nokkrum árum áður samþykkt samhljóða samþykkt fyrir hreppinn, er ekki var leitað staðfestingar á. Var því varla vafi á samþykkt hennar, eins og líka fram er komið. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stofnun fóðurbirgðafélags Saurbæjarhrepps sé ekki ólögleg og stjórn þess hafi því rétt til samkvæmt hinni staðfestu samþykkt að heimta lögtak á kröfu þeirri, er hér liggur fyrir.

Þvi úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara.

Mánudaginn 17. nóvember 1941.

Nr. 48/1941. **Vinnufataverksmiðjan h/f** (Pétur Magnússon) gegn

Bæjarsjóði Reykjavíkur (Garðar Þorsteinsson).

Úrskurður um öflun nýrra upplýsinga.

Úrskurður hæstaréttar.

Með því að aðilja greinir á um starfsemi áfrýjanda í Reykjavík árin 1938 og 1939 og eigi hafa komið fram nægilegar upplýsingar um þetta atriði, þá þykir rétt samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að fresta meðferð máls þessa og veita aðiljum kost á að afla upplýsinga um framannefnt atriði.

Þvi úrskurðast:

Meðferð máls þessa er frestað til útvegunar framangreindra upplýsinga.